



Áfanganúmer: ENSK3HB12

Prep: 3

Einingar: 12

Forkröfur: A.m.k. 9 einingar á 2. prep

Lýsandi heiti: Enska í 5. bekk málabrautar

Áfangalýsing:

Unnið verður áfram með þá færni sem nemendur hafa tileinkað sér í fyrri áföngum og lögð áhersla á alla færniþætti í náminu. Lögð er sérstök áhersla á bókmenntir frá 16. til 19. öld með það fyrir augum að nemendur geti tekist á við lestur texta frá þeim tíma. Einnig er lögð áhersla að nemendur verði læsir á fræðilega texta í hugvísindum til undirbúnings fyrir háskólanám, auki orðaforða sinn, bæti málvitund sína, lesi fjölbreyttar bókmenntir og þjálfist í ritun og munnlegri færni.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa aflað sér almennar þekkingar og hafa skilning á:

- ólíkum viðhorfum og gildum og hvernig þau móta menninguna í þeim löndum þar sem tungumálið er notað
- þverfaglegum orðaforða til markvissrar notkunar í námi og starfi
- mismunandi afstöðu og túlkun bókmennta og dýpri merkingu texta
- hugtökum í bókmenntafræði
- mismunandi stefnum og straumum í bókmenntum
- rithefðum sem við eiga í textasmíð, m.a. um inngang með efnisyfirlit, meginmál með vel afmörkuðum efnisgreinum og niðurlag

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa sér til fræðslu og/eða ánægju texta sem gera miklar kröfur til lesandans, ýmist hvað varðar orðaforða og uppbyggingu eða myndmál og stílbrögð í klassískum bókmenntaverkum
- greina sögulegt, félagslegt, menningarlegt eða pólitískt samhengi í bókmenntatextum
- leggja gagnrýnið mat á texta, listrænt gildi hans og mismunandi stílbrögð höfundar
- átta sig á málfarismun, mismunandi málsniði og stíl í töluðu máli og undirliggjandi merkingu, viðhorfum og tilgangi þess sem talar
- nýta sér fyrirlestra, umræður og rökræður um efni menningarlegs eðlis
- átta sig á mismunandi málsniði og stíl í töluðu máli og undirliggjandi merkingu, viðhorfum og tilgangi þess sem talar
- tjá sig munnlega skýrt og hnökralaust um málefni sem hann hefur kynnt sér
- skilja sér til gagns þegar fjallað er um flókið efni

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- beita málinu af lipurð og kunnáttu til að geta tekið fullan þátt í umræðum og rökræðum þar sem fjallað er um persónuleg, menningarleg og félagsleg umfjöllunarefni í bókmenntum
- flytja vel uppbyggða frásögn, kynningu eða greinargerð, draga fram aðalatriði og rökstyðja mál sitt nákvæmlega með dæmum og bregðast við fyrirspurnum
- tjá tilfinningar, nota hugarflug og beita stílbrögðum, t.d. myndmáli og líkingamáli
- skrifa texta með röksemdafærslu þar sem fram koma rök með og á móti og þau eru vegin og metin
- túlka og greina krefjandi bókmenntaverk
- nýta nýjan orðaforða í ræðu og riti

Mat á hæfniviðmiðum

- nemendur skrifa rökfærsluritgerð og reglulegar ritunaræfingar
- nemendur sýna fram á aukinn orðaforða í glósuprófum og ritunaræfingum
- nemendur svara efnislegum spurningum úr ólesnum textum
- nemendur taka skriflegt próf sem og munnlegt próf úr bókmenntum
- nemendur halda fyrirlestur um sérvalið efni tengt bókmenntaverki
- símat, áfangapróf, miðsvetrarpróf og lokapróf